

Umsögn Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni um:

Umsögn vegna draga á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012, markmið um kolefnishlutleysi.

Umsögnin er send í samráðsgátt stjórnvalda: Mál nr. 37/2021, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, birt 09.02.2021

INNGANGUR

Frá árinu 2015 hefur Festa unnið markvisst að loftslagsverkefni með fyrirtækjum og stofnunum sem vilja leggja sitt af mörkum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif. Aðgerðir fyrirtækja í loftslagsmálum skipta sköpum og án þeirra er ólíklegt að þjóðir heims geti staðið við Parísarsáttmálann eða að Ísland nái markmiði sínu um að verða kolefnishlutlaust fyrir árið 2040.

Jafnvægi í losun gróðurhúsalofttegunda er lykilþáttur í að ná markmiðum Parísarsamningsins, sem er drifinn áfram af því markmiði að halda hnattrænni hlýnun innan við 2°C og eins nálægt 1,5°C og hægt er. Ljóst er, skv. mati vísindanefndar loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, að markmiði samningsins um að halda hlýnun innan við 2°C og sem næst 1,5°C verður ekki náð nema með hnattrænu jafnvægi í losun gróðurhúsalofttegunda um miðja öldina.

Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, fagnar áformum stjórnvalda um frumvarp til breytinga á loftslagslögum þar sem markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040 verði lögfest. Festa vill þó benda á fjögur atriði sem samtökin telja að líta þurfi til við vinnslu frumvarpsins:

- Huga þarf að skilgreiningu á hugtakinu „gróðurhúsalofttegundir“. Sú mengun sem veldur manngerðum áhrifum á hlýnun loftslags, svokölluð gróðurhúsahlýnun, byggir á fleiri þáttum en lofttegundum sem innihalda kolefni. Því er mikilvægt að huga að grunni og inntaki hugtaksins kolefnishlutleysi. Gjarnan er vísað til þessara lofttegunda sem gróðurhúsalofttegunda (GHL eða á ensku greenhouse gases, GHG). Við stefnumótun og í aðgerðum opinberra aðila og einkaaðila er mikilvægt að líta til allra þeirra þátta sem byggja undir hnattræna hlýnun af mannavöldum. Því hvetur Festa til þess að notað verði víðtækara hugtak en „kolefnishlutleysi“ sem nær til allra skilgreindra gróðurhúsalofttegunda sem skipta máli í þessu sambandi.
- Losun gróðurhúsalofttegunda verði takmörkuð eins og kostur er. Mikilvægt er að aðgerðir í þessum efnum dragi með eins skilvirkum hætti og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda í hverskyns starfsemi. Líta þarf til allra þátta í hvers skyns starfsemi og virðisikeðju framleiðslu vöru og þjónustu í heild. Greiningar á gróðurhúsalofttegundum mætti byggja á stöðlum á borð við [Greenhouse Gas Protocol](#) þar sem losun er m.a. greind eftir svokölluðu umfangi eitt, tvö og þrjú.
- Mótvægisáðgerðir vegna losunar byggja á skilvirkum og sannreyndum aðferðum. Jafna þarf þá losun sem ekki er hægt að koma í veg fyrir og í þeim efnum er lykiltríði að beita skilgreindum, skilvirkum og sannreyndum aðferðum sem hafa áhrif sem fyrst. Stefnt er að fullu jafnvægi fyrir árið 2050 og að losun gróðurhúsalofttegunda á heimvísu verði helminguð fyrir árið 2030. Á það hefur verið bent í opinberri umræðu að sumar að þeim aðferðum sem nýttar eru héraðs og víða annars staðar uppfylli ekki þessi skilyrði. Festa hvetur til nánari greiningar á þessum atriðum og styrkingar á reglum og annarri umgjörð svo að opinberir aðilar og einkaaðilar geti beitt skilvirkum og sannreyndum aðferðum við mótvægisáðgerðir vegna losunar gróðurhúsalofttegunda.
- Að lokum leggur Festa áherslu á virkt samráð við breiðan hóp hagsmunaaðila, fyrirtækja og almenning við vinnslu frumvarpsins og þeirra aðgerða og áherslna sem unnið er að til að vinna að



hlutleysi í losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta eru umfangsmikil verkefni þar sem lykillinn er skilvirkt samstarf. Festa er reiðubúin til frekara samtals eða samráðs um þetta mikilvæga verkefni.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni,

Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdarstjóri
Tómas N. Möller, formaður